

Mánaðamót

2. nóvember 2026
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – nóvember 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2. nóvember Reitir birta uppgjör	3 Eik og Oculis birta uppgjör	4 Kvika banki birtir uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu	5 Fjöldi starfandi (HAG) Heimar og Sýn birta uppgjör Vaxtaákvörðun í Bretlandi	6 Vöruviðskipti í október (HAG) Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
9	10 Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST) Skráð atvinnuleysi (VMST) Eimskip birtir uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum	11 Könnun á væntingum markaðsaðila (SÍ) Alvotech birtir uppgjör	12 Amaroq birtir uppgjör	13 Lok verðkönnunarviku (HAG)
16	17 Greiðslumiðlun (SÍ) Vísitala íbúðaverðs (HMS)	18 **Vaxtaákvörðun (SÍ)** Vísitala leiguverðs (HMS) Iceland Seafood birtir uppgjör Verðbólga í Bretlandi	19 Mánaðarskýrsla (HMS) Brim og Síldarvinnslan birta uppgjör	20 Hampiðjan birtir uppgjör
23 Vísitala launa (HAG)	24	25	26 **Vísitala neysluverðs (HAG)** Fjöldi gistinótta (HAG) Ísfélagið birtir uppgjör	27 Vöru- og þjónustuviðskipti fyrir 3F (HAG)
30 **Þjóðhagsreikningar (HAG)**				


HAG: Hagstofa Íslands, SÍ: Seðlabanki Íslands, VMST: Vinnumálastofnun, FMST: Ferðamálastofa, HMS: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Verðbólga


Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,44% á milli mánaða í október og verðbólga hélst því óbreytt í 5,9%. Október er tíundi mánuðurinn í röð þar sem verðbólga mælist yfir 5%. Verðbólga með og án húsnæðis mælist nú sú sama, 5,9%.

Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Verðbólga eftir eðli og uppruna




Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting á VNV á milli mánaða


Við höfðum spáð því að vísitalan myndi hækka um 0,48% og að verðbólga yrði óbreytt í 5,9%. Mælingin var að mestu leyti í takt við spá okkar, en bensínverð hækkaði aðeins meira en við spáðum og skýrir langstærstan hluta hækkunarinnar á milli mánaða. Pakkaferðir til útlanda skýra einnig töluvert af hækkuninni, sem kom á óvart. Áhrif nýrra komugjalda í heilbrigðisþjónustu höfðu einnig meiri áhrif en við höfðum gert ráð fyrir.

Októbermælingar VNV og spá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Framlag undirliða í október




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild

Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Breyting á samsetningu verðbólgu

Hækkun á eldsneytisverði vegur langþyngst til verðbólgu, framlag þess er 0,28 prósentustig. Verðbólga væri því nú um 5,6% ef eldsneytisverð hefði mælst óbreytt á milli mánaða. Innfluttar vörur, húsnæði og flugfargjöld til útlanda verka öll til lækkunar á verðbólgu. Það eru því skýr merki um að verðbólga sé að gefa eftir, en á meðan olíuverðshækkanir eru jafn miklar og raun ber vitni, breytist verðbólgan hægt.




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs lækki um 0,46% í nóvember, hækki um 0,9% í desember og lækki um 0,17% í janúar. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga mælast 5,9% í nóvember, 5,7% í desember og 5,1% í janúar. Hækkun frá síðustu spá skýrist af því að við gerum nú ráð fyrir hærra eldsneytisverði. Við gerum líka ráð fyrir að árshækkun á flugfargjöldum verði aðeins lægri en í fyrri spá. Við gerum einnig ráð fyrir að verð á nýjum bílum hækki í nóvember þegar lækkun á rafbílastyrk tekur gildi. Hafa ber i huga að áfram ríkir talsverð óvissa um þróun eldsneytisverðs.


Verðbólguspá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Verðbólguspá

Ársverðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans


Meginvextir Seðlabanka Íslands

Peningastefnunefnd ákvað að halda vöxtum óbreyttum eins og við spáðum þann 7. október. Meginvextir bankans, vextir á 7 daga bundnum innlánum, eru því áfram 8,00%. Nefndin var einhuga að þessu sinni. Yfirlýsingin var stutt og mild að okkar mati og styður enn frekar þá skoðun okkar að vaxtahækkunarferlinu sé lokið. Næsta ákvörðun er 18. nóvember og spáin okkar nú gerir ráð fyrir því að nefndin haldi vöxtum óbreyttum þá.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Vikur frá s. ákv	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	11	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	6	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	7	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	15	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	6	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	7	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	11	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	9	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	13	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	11	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	6	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB	ÁÓP, HS (+0,50%)		7,50%
20. maí. 2026	9	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
19. ágú. 2026	13	+0,25%	ÁJ, ÞGP, ÁÓP, HS	TB (óbr.)		8,00%
7. okt. 2026	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
18. nóv. 2026	6					

Meginvextir Seðlabanka Íslands




AS: Arnór Sighvatsson, ÁJ: Ásgeir Jónsson, ÁÓP: Ásgerður Ósk Pétursdóttir, GJ: Gunnar Jakobsson, HS: Herdís Steingrímsdóttir, RS: Rannveig Sigurðardóttir, TB: Tómas Brynjólfsson, ÞGP: Þórarinn G. Pétursson. Heimild: Seðlabanki Íslands


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði mældist 3,8% til tveggja ára og fimm ára og 3,9% til tíu ára í lok mánaðar. Verðbólguálag lækkaði um 0,2 prósentustig innan mánaðar til tveggja ára og 0,1 prósentustig til fimm og tíu ára.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Verðbólguálag til tveggja ára




Heimild: OMX, útreikningar Landsbankans


Verðbólguvæntingar og aðhald peningastefnu

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,0% í október og var óbreytt á milli mánaða. Raunmeginvextir miðað við liðna verðbólgu voru óbreyttir á milli mánaða í 2,1%. Út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru raunmeginvextir einnig óbreyttir á milli mánaða í 4,0%.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunmeginvextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja og fimm ára, niðurstaða úr væntingakönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ára, væntingar heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Í september hækkaði vísitala íbúðaverðs talsvert meira en hún hefur gert síðustu mánuði, eða um rúmlega 1%. Ársbreyting hennar lækkaði þó úr 2,3% niður í 1,8%, en það skýrist af enn meiri hækkun í sama mánuði fyrir ári síðan. Vísitala leiguverðs lækkaði um tæplega 1% og er árshækkun hennar 1,1%. Alls voru undirritaðir um 830 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í september, um 16% færri en í september 2025. Kaupsamningar um íbúðarhúsnæði hafa verið færri en sömu mánuði í fyrra það sem af er ári.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára



Undirritaðir kaupsamningar




Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Velta skv. VSK-skýrslum

Velta samkvæmt VSK-skýrslum jókst í flestum útflutningsgreinum í júlí og ágúst, að sjávarútvegi og fiskeldi undanskildum. Ekki höfðu þó öll gögn borist frá fyrirtækjum í sjávarútvegi þannig að veltan var líklegast meiri en gögn Hagstofunnar gefa nú til kynna. Á sama tíma sjást merki um kólnun í innlenda hagkerfinu, en vöxtur var í smásöluverslun, einkum dagvöru og lyfjaverslun. Samdráttur er í sérverslunum sem gæti bent til þessi að heimilin séu að halda aftur af sér í valkvæðari neyslu í takt við kólnandi hagkerfi.


Útflutningshagkerfið

Breyting á milli ára á föstu verðlagi



Innlenda hagkerfið


Breyting á milli ára á föstu verðlagi



Breyting á milli ára á föstu verðlagi (VNV).
Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi og fjöldi starfanda


Bæði tölur um skráð atvinnuleysi og fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskrám benda til þess að vinnumarkaðurinn sé að kólna. Skráð atvinnuleysi var 4,0% í september, 0,5 prósentustigum meira en í september 2025. Fjöldi starfandi samkvæmt skrám hélst nánast óbreyttur á milli ára í ágúst.



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands

Greiðslukortavelta íslenskra heimila


Greiðslukortavelta íslenskra heimila jókst um 0,9% á milli ára í september, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Í ágúst mældist mesti samdráttur í greiðslukortaveltu heimilanna síðan í október 2023. Kortavelta Íslendinga erlendis jókst um 9,2% í september, sem sýnir að það er áfram mikill vöxtur í neyslu erlendis á sama tíma og samdráttur mælist innanlands. Kortavelta Íslendinga innanlands drósst saman um 1,7% í september sem er svipuð þróun og hefur sést síðustu mánuði.



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 7,1 mö.kr. í september. Þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 6,6 ma.kr. og hrein ný verðtryggð lán 0,5 ma.kr. September er níundi mánuðurinn í röð sem heimilin taka nettó meira af óverðtryggðum lánum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum.




Einungis bankar í september 2026. Upplýsingar um útlán lífeyrissjóða í september koma 5. nóvember.
Heimild: Seðlabanki Íslands

Staðan í ferðaþjónustu

Um 228 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í september, eða 1,7% fleiri en á sama tíma í fyrra. Frá ársbyrjun hafa örlítið færri ferðamenn komið til landsins en á fyrstu níu mánuðum síðasta árs, eða tæplega 1% færri. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis jókst um 7,6% á milli ára á föstu gengi en um 0,3% á föstu verðlagi í september. Gistinóttum útlendinga á hótelum fjölgaði um 3,7% á milli ára í september.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



Þróun helstu mælikvarða


Breyting á milli ára



Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti evru en veiktist á móti bandaríkjadal í október. Í lok mánaðarins stóð evran í 135,8 (-1,2 krónur innan mánaðar) og bandaríkjadalur í 122 (+1,3 krónur innan mánaðar). Frá áramótum hefur krónan styrkst um 7,7% á móti evru og 2,6% á móti bandaríkjadal.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Gjaldeyrisviðskipti

Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri* seldu viðskiptavinum sínum gjaldeyri fyrir 8 ma.kr. í september. Innlendir aðilar, Seðlabankinn, lífeyrissjóðir og önnur innlend fjármálafyrirtæki keyptu gjaldeyri af viðskiptavökum fyrir 39 ma.kr. en erlendir aðilar seldu viðskiptavökum gjaldeyri fyrir 31 ma.kr. Hrein staða á framvirkum samningum hefur lækkað um 38 ma.kr. frá áramótum.


Stundarviðskipti með gjaldeyri

Ma.kr.



Staða framvirkra samninga með gjaldeyri

Ma.kr.



* Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri eru Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn. Kvika banki telst til annarra innlendra fjármálafyrirtækja.
Heimild: Seðlabanki Íslands

Útgáfa Greiningardeildar í október

7. október: Hagsjá: Óbreyttir vextir og sami tónn

15. október: Hagsjá: Spáum 5,9% verðbólgu í október

19. október: Hagspá til 2029: Hægur vöxtur en batnandi horfur

21. október: Hagsjá: Hóflegar nafnverðshækkanir á íbúðamarkaði og raunverð lækkar áfram

29. október: Hagsjá: Verðbólga áfram 5,9%

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfaviðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).